

1865.
4. janúar.

af forngripum, og mætti að þeirra hyggju sporna við þessu, ef til væri í landinu sjálfu opinbert safn, sem hefði nóg fè til þess að kaupa og safna saman fornmenjum þeim, sem enn eru til.

Með því þessu er þannig varið og af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar dags. 13. janúarmán. f. á., er getið er hér að framan, verð eg að álíta það mjög æskilegt, ef beiðendunum yrði útvegaður styrkur sá, sem þeir sækja um, þar sem þeir hafa sýnt áhuga sinn á málefni þessu með því að stofna dálítið safn í Reykjavík, sem einstakir menn eru búnir að gefa meir en 150 hluti. Eg álít það því skyldu mína enn á ný að beiðast álits fjárstjórnarinnar um það, hvort hið heiðraða stjórnarráð er því mótmælt, að eg fari þess á leit við ríkisþingið, með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1865—66, að veittir verðir 300 rdl. í þessum tilgangi.

9. janúar.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um borgun úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir ýms störf í bæjarins þarfir.

Í bréfi dagsettu 4. júlímán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um:

1. hvort oddviti bæjarfulltrúanna hafi nokkra heimild í tilskipuninni um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík til þess að reikna sèr borgun úr bæjarsjóðnum fyrir að bóka gjörðir bæjarsjórnarinnar og fyrir að semja og hreinskrifa bréf og ályktanir, nema fyrir ritföng, og
2. hvort bæjarfógetinn megi reikna sèr borgun samkvæmt aukatækjureglugjörðinni fyrir uppboð þau, sem hann heldur í þarfir bæjarins, t. a. m. á snjómokstri, vegabótum og öðrum þesskonar störfum.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með bréfi yðar dagsettu 26. októbermán. s. á. hafa borizt eptirrit af athugasemdum stiptamtsins um bæjarreikning Reykjavíkur fyrir árið 1861 og af

1865.

9. janúar.

skýrslu bæjarstjórnarinnar um þær, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar,

um 1. spurningu, að oddviti bæjarfulltrúanna ekki virðist hafa neina heimild til þess að reikna sér neina þóknun fyrir að rita í fundabókina, nè fyrir að semja bréf þau og ályktanir, sem þurfa þykir, enda verður ekki sæð á skjölum þeim, sem hingað hafa verið send, að krafist hafi verið neinnar borgunar fyrir þessi störf, en að menn á hinn bóginn ekki geti ætlað til, að hann borgunarlaust láti hreinskrifa bréf bæjarstjórnarinnar og rita þau í bréfabókina.

um 2. spurningu, að kveða ber já við þessari spurningu, og það því fremur, sem opið bréf frá 3. júnímán. 1842, sem lögleidt er á Íslandi með konungsúrskurði frá 14. júlímán. 1847, veitir valdsmönnum heimild til þess að taka lögákveðna borgun fyrir uppboð í þarfir stjórnarinnar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á dómsgjörðum.

9. janúar.

Með bréfi dagsettu 26. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað dómsgjörðir, sem rituð var á stefna til hæstaréttar, í sakamáli, er höfðað hefir verið á móti Guðmundi Jónssyni og Ingvaldi Jónsdóttur frá Vorsabæ fyrir óhlýðni við yfirvaldsúrskurð um, að þau skyldu flytja hvort frá öðru, og er málið móti Guðmundi Jónssyni þar að auki höfðað fyrir hórbot í annað skipti. Um sama leiti barst dómsmálastjórninni bænarskrá frá Jóni Péturssyni, dómara í yfirdómi Íslands, um að dómsmálastjórnin láti greiða honum borgun þá, sem, einsog hann að orði kemst, er vant að greiða þegar svo er ástatt, fyrir útleggingu þá á dómsgjörðunum, er hann eptir boði yðar hefir samið, en það er 48 skildingar fyrir hverja örk.

Um leið og þess skal getið, að dómsmálastjórnin í dag hefir látið boð út ganga um að máli þessu verði skotið til hæstaréttar, eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir um að tilkynna Jóni yfirdómara Péturssyni, að með því að búið er að